

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 177/2024

2024/EES/76/29

frá 5. júlí 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2867 frá 5. október 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 með því að setja fram leiðbeinandi meginreglur og viðmiðanir til að ákvarða verklagsreglur um sannprófanir á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutæki í notkun (sannprófun ökutækja í notkun) ⁽¹⁾.
- XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azo (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1623) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azp. **32023 R 2867**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2867 frá 5. október 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 með því að setja fram leiðbeinandi meginreglur og viðmiðanir til að ákvarða verklagsreglur um sannprófanir á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutæki í notkun (sannprófun ökutækja í notkun) (Stjtið. ESB L, 2023/2867, 18.12.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2867, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2867, 18.12.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.